

-----Original Message-----

From: Hólmfríður Þorgeirsdóttir [<mailto:holmfridur@landlaeknir.is>]

Sent: 17. desember 2012 11:37

To: Eiríkur Áki Eggertsson; ogmundur.hrafn.magnusson@fjr.stjr.is; Snorri Olsen; Móttaka

Cc: Helgi Hjörvar; Sighvatur Hilmar Arnmundsson; Kristjana Benediktsdóttir; Sigrún Helga

Sigurjónsdóttir; Heimir Skarphéðinsson; Elva Gísladóttir; Dóra Guðrún Guðmundsdóttir

Subject: RE: Efnahags- og viðskiptanefnd - mál nr. 473 (vörugjöld og tollar)

Sæl.

Varðandi sætuefni hefur Embætti landlæknis lagt áherslu á að sama vörugjald verði lagt á gosdrykki með sykri og gosdrykki með sætuefnum. Sömuleiðis að ef vörugjald verður lagt á mjólkurvörur með sykri, sem Embætti landlæknis lagði þó ekki til að yrði gert, að þá verði einnig lagt vörugjald á mjólkurvörur með sætuefnum þar sem ekki er verið að ráðleggja þær umfram hinar. Eins og þetta er útfært í frumvarpinu er lagt til hátt vörugjald á sætuefni við innflutning. Embætti landlæknis telur einfaldara, eins og áður hefur komið fram, að leggja sama vörugjald á gosdrykki og e.t.v. fleiri vörur með sætuefnum og sambærilegar vörur með sykri, frekar en að leggja gjöld á sætuefni við innflutning. Slíkt hefur hefur verið gert bæði hér á landi og í Noregi varðandi gosdrykki með sætuefnum. Önnur leið að sama marki er að færa gosdrykki, hvort sem þeir eru með sykri eða sætuefnum úr neðra í efra þrep virðisaukaskatts. Vert er að taka það fram að Embætti landlæknis hefur aldrei lagt til að há vörugjöld verði lögð á sætuefni við innflutning, það er alfarið ákvörðun og útfærsla fjármálaráðuneytisins og svarar Embætti landlæknis því ekki fyrir það.

Embætti landlæknis fjallar ekki um ólíkar tegundir sætuefna og vísar fyrirspurnum varðandi mun á sætuefnum til Matvælastofnunar sem fer með matvælalöggjöf og eftirlit í landinu ásamt því að hafa umsjón með aukefnum.

Með bestu kveðjum / Best regards,

Hólmfríður Þorgeirsdóttir
næringarfræðingur

Elva Gísladóttir
næringarfræðingur

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir
sviðstjóri áhrifaþátta heilbrigðis